

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

265. FUNDUR.

265. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 28. janúar 2016 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir oddviti, Elín Jóna Rósinberg varaoddviti, Elín R. Líndal aðalmaður, Ingimar Sigurðsson aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir aðalmaður, Gunnar Þorgeirsson aðalmaður og Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir.

Oddviti setti fund. Oddviti óskaði eftir að fá að taka á dagskrá sem 2. dagskrárlið fundarboð Veiðifélags Miðfirðinga. Samþykkt með 7 atkvæðum

1. Samningur um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk.

Með flutningi á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 var sett fram viðmið um lágmarksíbúafjölda þjónustusvæða yrði að vera 8000 íbúar til að tryggja faglegan og fjárhagslegan stuðning. Byggðasamlagið Rætur bs. hefur fram til þessa sinnt þessu hlutverki fyrir Norðurland vestra ásamt Fjallabyggð og Dalvík. Á síðasta ári óskuðu Fjallabyggð og Dalvík eftir því að ganga út úr því samstarfi og fá undanþágu frá lágmarksíbúafjölda. Var sú ósk samþykkt af ráðuneyti velferðarmála og um leið var sveitarfélögunum sem eftir standa, Akrahreppi, Blönduós bæ, Húnavatnshreppi, Húnaþingi vestra, Skagabyggð, Sveitarfélaginu Skagafirði og Sveitarfélaginu Skagaströnd veitt samskonar undanþága. Undanþágurnar voru veittar tímabundið frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2016.

Þessi tímabundna undanþága og óvissa sem af henni stafar um framhaldið innan málaflokksins kallar á tímabundnar breytingar á umsjón málaflokksins. Byggðasamlagið Rætur bs. er ekki starfhæft eftir brotthvarf Dalvíkur og Fjallabyggðar og ekki er ákjósanlegt að stofna nýtt byggðasamlag tímabundið. Um leið hafa fjárframlög ríkis með

málaflokknum verið of lág sem gerir það að verkum að nauðsyn er að leita allra leiða til að nýta þá fjármuni sem í málaflokkinn koma sem best. Sökum þessa hefur verið lögð fram sú tillaga að Sveitarfélagið Skagafjörður verði leiðandi sveitarfélag í málaflokknum á Norðurlandi vestra og gerður verði þjónustusamningur þar um á milli sveitarfélaganna sem að hlut eiga að máli. Vert er að minna á að á árunum 1999-2011 áttu sveitarfélögin á Norðurlandi vestra farsælt samstarf um málefni fatlaðs fólks í landshlutanum.

Með því að fela stærsta sveitarfélagi landshlutans umsjón með málaflokknum næst fram umtalsverður sparnaður í yfirstjórn sem nauðsynlegur er, en samkvæmt fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið 2016 má ætla að yfir 50 milljónir vanti í málaflokkinn á árinu.

Í samningnum sem hér liggur fyrir á milli framantalinna sveitarfélaga er skýrt kveðið á um að allar þjónustueiningar verði starfræktar áfram þetta ár sem samningurinn gildir. Sett verði á stofn þjónusturáð, en í ráðinu situr einn fulltrúi hvers aðildarsveitarfélags.

Umfjöllunarefni þjónusturáðsins verði fjárhagsáætlun, rekstrarupplýsingar, þjónustustig innan svæðis, stöðugildaþörf og starfsáætlanir starfsstöðva.

Jafnframt verði skipuð nefnd sem kemur með tillögu til aðildarsveitarfélaga um áframhald samstarf um málefni fatlaðs fólks frá því að framangreindu samkomulagi sleppir, eða frá 1. janúar 2017. Í þeirri nefnd skal sitja einn fulltrúi hvers aðildarsveitarfélags og skal hún skila af sér eigi síðar en 1. september 2016.

Því er um að ræða tímabundna ráðstöfun á meðan unnið er að því að finna bestu mögulegu leið til að haga samstarfi sveitarfélaga um málefni fatlaðra í framtíðinni. Sveitarstjórn Húnaþings vestra leggur áherslu á að nefnd sem fjallar um framhald samstarfsins taki til starfa sem allra fyrst svo hægt verði að finna málaflokknum farsælan framtíðarfarveg.

Ferðaþjónusta, félagsleg heimþjónusta, almenn liðveisla, lengd viðvera skólabarna og önnur sú þjónusta við fatlað fólk sem tilgreind er í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 fellur ekki undir þennan samning og er á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags.

Lögð er fram eftirfarandi tillaga:

Sveitarstjórn Húnaþings vestra staðfestir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi samning dagsettan í janúar 2016 með gildistímann 1. janúar 2016 - 31. desember 2016 um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk.

Á gildistíma samningsins hefur Sveitarfélagið Skagafjörður fullt umboð sveitarstjórnar Húnaþings vestra til að veita þá þjónustu sem samningurinn fjallar um sem og að taka þær

ákvarðanir og setja þær reglur sem framkvæmd verkefnisins kallar á með þeim skilyrðum og ákvæðum sem kveðið er á um í samningnum.

Samþykkt með 7 atkvæðum.

Einnig er lögð er fram eftirfarandi tillaga að skipun fulltrúa í þjónusturáð sem og nefnd um áframhaldandi samstarf um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra:

Fulltrúi Húnaþings vestra í þjónusturáði verður Elín Jóna Rósinberg.

Fulltrúi Húnaþings vestra í nefnd sem vinna skal tillögu til aðildarsveitarfélaga um áframhaldandi samstarf um málefni fatlaðs fólks frá 1. janúar 2017 verður Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundarboð Veiðifélags Miðfirðinga.

Fundarboð á félagsfund Veiðifélags Miðfirðinga sem haldinn verður 30. janúar nk.

Sveitarstjóri er fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.

Samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl.15:20

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Elín R. Líndal

Valdimar Gunnlaugsson.

Gunnar Þorgeirsson

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri